

Æskulýðsskýrsla



Hestamannafélagsins Kóps

2018-2019

Hestamannafélagið Kópur var með skipulagt æskulýðsstarf veturinn 2019 en boðið var upp á valgrein í reiðmennsku og hestamennsku í samstarfi við Kirkjubæjarskóla eftir áramót eða frá janúar til maí. Þátttaka var mjög góð en alls skráðu sig 10 krakkar á aldrinum 10-15 ára. Kennsla var einu sinni í viku, á þriðjudögum, og var hver kennslustund 2x40 mín. Verklek kennsla fór einnig stundum fram um helgar. Markmið námskeiðsins var að nemendur þekki íslenska hestinn, eðli hestsins, umhirðu hans og velferð. Nemandur áttu að fá þjálfun í æfingum og jafnvægi á hestbaki ásamt því að læra grunnatriði reiðmennsku. Þá áttu þeir að skipuleggja og framkvæma reiðsýningu í námskeiðinu. Umsjón með þessu starfi höfðu Arnhildur Helgadóttir og Kristín Lárusdóttir reiðkennarar frá Háskólanum á Hólum, Pálína Pálsdóttir, Svanhildur Guðbrandsdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir og Sæunn Káradóttir.



*Krakkarnir sem voru í valáfanganum hestamennska og reiðmennska veturinn 2019.*

Við bóklega kennslu var stuðst við útgefið fræðsluefni m.a. bækurnar Knapamerki 1 og Knapamerki 2. Arnhildur Helgadóttir sá um að gera glærusýningar og verkefni en meðal þess sem farið yfir reiðvöllinn og helstu reiðleiðir, gangteigundir, eðli hestsins, líkamstjáningu hesta, hestaliti, hestategundir o.s.frv. Þá skipulögðu krakkarnir einnig reiðsýningu sem þau hugðust sýna í lok námskeiðsins. Einnig var notast við íþróttahúsið við Kirkjubæjarskóla en þar voru m.a.

gerðar jafnvægisæfingar sem nýtast sem gróður grunnur fyrir verðandi knapa og reiðleiðir fyrir reiðsýningu æfðar hlaupandi.

Verkleg kennsla fór ýmist fram í Hátúnum í Landbroti eða á Syðri-Fljótum í Meðallandi. Nemendur fengu úthlutaða hesta sem við fengum að láni ásamt reiðtygjum. Í byrjun vetrar var farið í jafnvægis- og sætisæfingar ásamt því að grundvallar atriði í að stjórna hesti voru æfð og áseta, reiðleiðir sem síðar meir voru æfar inn í reiðsýningu sem þau skipulögðu.



*Hluti hópsins í verklegri kennslu á Syðri-Fljótum.*

Allir krakkarnir voru mjög áhugasamir og miklar framfarir urðu hjá hópnum. Þá fóru krakkarnir í þrautabraut á hestbaki þar sem þau gerðu ýmsar æfingar eins og að ríða í kringum keilur o.s.frv. Arnhildur Helgadóttir og Kristín Lárusdóttir reiðkennarar frá Háskólanum í Hólum sáu um verklega hlutann. Foreldrar og aðrir hestamenn úr sveitinni lögðu fram aðstoð sína við framkvæmd þessa verklegu tíma, lána hesta, reiðtygi og flytja þá á milli staða, járna hestana og fleira. Færum við öllum þeim bestu þakkir fyrir.

Þann 1.maí var farið í skemmtiferð þar sem krakkarnir mættu sem áhorfendur á Æskulýðssýningu Hestamannafélagsins Geysis. Á heimleiðinni var komið við í Hjarðartúni hjá Hvolsvelli þar sem Arnhildur Helgadóttir og Hans Þór Hilmarsson starfa. Krakkarnir fengu að skoða hrossin og aðstöðuna hjá þeim og höfðu allir mjög gaman af.

Í júní var haldinn reiðskóli þar sem Svanhildur Guðbrandsdóttir, efnilegur reiðkennari tók starfið að sér og gekk það mjög vel og ágætis þátttaka, nokkrir af krökkunum sem tóku þátt í vetrarstarfinu fóru á námskeiði ásamt nýjum einstaklingum.

F.h. Fræðslunefndar og Hestamannafélagsins Kóps.

Pálína Pálsdóttir og Arnhildur Helgadóttir